

ENS103

Lestur, skilningur, málfræði og orðaforði

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á vandlegan lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesnir verða valdir rauntexar úr kennslubók og af netinu, auk þess sem nemendur eiga að hraðlesa valin skáldverk og skriflegi og munnlegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum.

Nemendur eiga að tileinka sér að tjá sig munnlega á ensku og verður þeim leiðbeint í kennslustundum svo og með hjálp margmiðlunartækni.

Markmið: Að nemendur

Kynnist: Enskri menningu og enskri tungu og öðlist dýpri þekkingu á enskumælandi samfélögum

Efli: Skilning á mismundandi rituðu efni; bókmenntatextum, upplýsingaritum og fræðilega

upplýsingaöflun á Netinu

Þekki: Grunnorðaforða og ólíkt talmál, breskt og amerískt

Læri: Að nota orðabók og alhliða gagnvirkar æfingar á Netinu. Einnig að alfa upplýsinga í gegnum tölvuna, draga út upplýsingar úr ólíkum textum, hlustað á margvíslegt efni og tileinkað sér aukinn orðaforða

Þjálfist: Í að tjá sig á ensku við kennara, skólafélaga og enskumælandi fólk. Verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun um fagið og það sem tengist menningarheimi enskumælandi fólks.

Kennslugögn:

Inside Out, Upper intermediate, ensk lesbók og vinnubók.

Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu,

Enskur málfræðilykill frá Máli og Mennigu

The Giver, Lois Lowry

Valnar smásögur frá ýmsum enskumælandi löndum, kennari veotor nánari upplýsingar.

Ensk-enska orðabók verður unnið með á Netinu.

Vert er að minna nemendur á að lögð verður áhersla á að stunda námið jafnt og þétt alla önnina. Vinna nemenda er metin með vörðum þar sem skilvirkni og ástundun nemenda er metin .

Námsmat:

Í hverja vörðu verður námsmatið byggt upp á fylgjandi hátt:

Verkefni úr smásögum	20 %	
Verkefni úr lestrarbók	20 %	
Málfræði/verkefni úr “Inside Out, Upper intermediate”		15 %
Verkefni tengd þemu varðanna	20 %	
Vefleiðangrar og netvekefni	20 %	
Þátttöku og frammistöðu í tímum	5 %	